



Ísafirði, 13. október 2021.

Bolungarvíkurkaupstaður - bolungarvik@bolungarvik.is

Ísafjarðarbær - postur@isafjordur.is

Fjallabyggð - fjallabyggd@fjallabyggd.is

Fjarðabyggð - fjardabyggd@gfjardabyggd.is

Sveitarfélagið Hornafjörður - afgreidsla@hornafjordur.is

Efni: Uppsetning búnaðar til útsendinga útvarps í jarðgöngum o.fl.

Á landinu eru nú 11 jarðgöng ætluð almennri umferð. Eðlilega uppfylla þau misvel nútímakröfur um gæði, öryggi og búnað. Sá búnaður sem líklega flestir kjósa að hafa og ekki er í þeim öllum nú þegar er búnaður til að ná útsendingum útvarps og traustu farsímasambandi þótt vissulega sé að ýmsu fleiru að hyggja til aukins öryggis og þæginda.

30. júlí sl. var birt í Stjórnartíðindum ný reglugerð, reglugerð nr. 895/2021 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng, sjá [hér](#). Þar eru göng flokkuð eftir m.a. lengd, staðsetningu, aldri, umferðarþunga o.fl. Þó gildir sú regla að ekki er gert ráð fyrir búnaði til neyðarsendinga útvarps eða m.ö.o. að ná megi útsendingum útvarps nema umferð sé yfir 2.000 ökutæki að meðaltali á akreini á dag og lengd ganganna yfir 1.000 m. Ekki liggur fyrir hvernig þessi tala var fengin en sem kunnugt er er umferð í flestum göngum langt undir þessari tölu. Það er því fátt sem bendir til að búnaði til útsendinga útvarps verði komið fyrir í jarðgöngum á vegakerfinu þar sem hann er ekki fyrir nema eitthvað sérstakt komi til. Þá er í reglugerðinni ekki minnst á farsímasamband, sem enn er ekki í öllum göngum. Sjá má athugasemdir í samráðsgátt stjórnvalda við drög að reglugerðinni [hér](#) m.a. frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samgöngufélaginu.


Þau jarðgöng sem ekki hafa þennan búnað má sjá í yfirlitstöflunni hér að neðan en þau eru í þeim fimm sveitarfélögum sem þessu erindi er beint að:

	Heiti ganga:	Lengd í m.	Opnuð:	Meðalumferð á dag 2019:	Búnaður	Áætlaður kostnaður
1	Hvalfjarðargöng	5.770	1998	7.733	Útvarp	
2	Dýrafjarðargöng	5.500	2020	Opnuð 2020	Útvarp	
3	Göng undir Breiðadals- og Botnsheiði	9.120 (7.000 m einbr.)	1996	722	Án útvarps	80 m.kr.
4	Bolungarvíkurgöng	5.400	2010	1.029	Útvarp án öryggisb.	10 m.kr.
5	Strákagöng	800 (einbr.)	1967	331	Ekki útvarp né sími	12 m.kr.
6	Héðinsfjarðargöng	7.100 + 3.900	2010	777	Án útvarps	25 m.kr.
7	Múlagöng	3.400 (einbr.)	1990	700	Án útvarps	33 m.kr.
8	Vaðlaheiðargöng	7.500	2017	1.457	Útvarp	
9	Norðfjarðargöng	7.900	2017	699	Útvarp	
10	Fáskrudsfjarðargöng	5.900	2010	776	Án útvarps	14 m.kr.
11	Almannaskarðsgöng	1.300	2005	637	Ekki útvarp né sími	6 m.kr.
		63.690				180 m.kr.

Í þeim tölum sem hér eru nefndar eru ekki kostnaður við ljósaskilti sem vísa á útvarp og eru með 500 metra bili en áætla má að kostnaður við kaup og uppsetningu þeirra sé um 350.000 kr. á hvert skilti ef stutt er í rafmagn.

Ef samstaða næst um þetta ætti það að auðvelda að knýja á um að gert verði ráð fyrir búnaði til útsendinga útvarps í þeim göngum þar sem hann er ekki að finna í t.d. næstu samgönguáætlun þótt ekki sé gert ráð fyrir honnum í reglugerð. Þess er því vænst að þetta erindi verði tekið til afgreiðslu og ef svo ber undir ályktað um það eftir því sem efni standa til og þeir ályktun komið á framfæri við félagið.

Má geta þess að á vefnum www.island.is er í gangi undirskriftasöfnun til stuðnings þessum áformum sem nálgast má hér <https://listar.island.is/Stydjum/108> og stendur hún til 25. október nk. Þegar þetta er ritað hafa tæplega 300 manns skráð þar nafn sitt.



Jónas B. Guðmundsson
fyrirsvarsmaður

Afrit:

Samgönguráðuneytið - srn@srn.is

Vegagerðin - vegagerdin@vegagerdin.is

Samgöngustofa - samgongustofa@samgongustofa.is

Samband íslenskra sveitarfélaga - samband@samband.is

Félag íslenskra bifreiðaeigenda - fib@fib.is